

Samtök fiskvinnslu án útgerðar

Kt.660494-2519, Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi
Sími 8963324 póstfang : isfiskur@simnet.is

Til Sjávarútvegsnefndar Alþingis

Stjórn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar, SFÁÚ veitir eftirfarandi umsögn um *frumvarp til laga um breytingar á lögum á sviði fiskveiðistjórnar (viðlagakvæði)*

SFÁÚ svaraði nefnd þeirri sem vann að endurskoðun á umræddum viðlagakafli laga nr. 57 frá 1996 með álitgerð sem sett var fram í bréfi til þeirrar nefndar, dags. 20. mars 2006. Fylgir hér með afrit af því bréfi og vísast til þess sem hluta umsagnar SFÁÚ um efni þessa máls.

Að auki vill SFÁÚ áréttta eftirfarandi:

- Að ríkar ástæður séu til þess að fiskmarkaðir hafi svoköluð heimavigtunarleyfi og að þar með sé ekki nauðsynlegt að vigta afla á hafnarvog, sem fer inn á fiskmarkaði til endurvigtunar.

Lögin taki viðeigandi breytingum samkvæmt þessu.

Nánari rök: Fiskmarkaður hafa augljósa sérstöðu sem vigtunaraðili þar sem honum ber að vera hlutlaus aðili milli seljanda og kaupanda og hefur enga hagsmuni af öðru en vigta aflann sem nákvæmast, þannig að á hvorugan aðila halli.


Auk þess eru fiskmarkaðir ósjaldan að taka á móti afla langt fram á nótt og því veldur það oft umtalsverðum aukakostnaði að halda úti manni á hafnarvog.

Ekki verður séð að sú krafa að allur fiskur sem inn á markaðina berst skuli fyrst veginn á hafarvog sé stutt haldbærum rökum.

Eða hvaða rök styðja það, að miklu fremur skuli treysta starfsmanni viðkomandi hafnar heldur en löggiltum vigtarmanni viðkomandi fiskmarkaðar ?

- Að álit SFÁÚ er það einnig gagnrýnisvert að hafnaryfirvöldum á hverjum stað skuli ætlað það mikla vægi í umsögnum um hæfi aðila, sem frumvarpið (og ákvæði laganna) gerir ráð fyrir. Hæpið sé að ætla hafnarstjórnnum þetta vægi í stjórnslu á þessu sviði.
- Þá er einnig árétttað það sjónarmið sem fram kemur í áðurnefndu álit SFÁÚ um að stofna beri sérstakra úrskurðarnefnd. Aðili sem kærður er af Fiskistofu geti nýtt mótmælarétt sinn með því að skjóta málinu til slíkrar nefndar í stað þess að beina mótmælunum til sjávarútvegsráðherra, yfirvalds Fiskistofu.

Kópavogi 22. nóvember 2006
F.h. SFÁÚ



Samtök fiskvinnslu án útgerðar

Kt. 660494-2519, Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi
Sími 5544680 fax 5546715 pósthfang : isfiskur@isfiskur.is

Til nefndar um endurskoðun á viðlagakafla reglugerðar um vigtun og skráningu sjávaraflla.

Tillögur stjórnar Samtaka fiskvinnslu án útgerðar (SFÁÚ) varðandi breytingar á ofnangreindri reglugerð. Tillögurnar varða fyrst og fremst vigtun sjávaraflla.

1. Vigtun sjávaraflla er fyrst og fremst gerð til þess að finna rétta vigt á tilteknum aflla eða aflaeiningu í viðskiptalegum tilgangi. Aflinn er síðan, samkvæmt framagreindu skráður í Lóðsinn, skráningarkerfi Fiskistofu. Hið fyrrnefnda verður ætíð að vera tilgangurinn, sem helgar meðalið, en ekki öfugt.

Skýring: Orðalag reglugerðar um framkvæmd vigtunar má aldrei vera svo þröngt að það standi í vegi fyrir eðlilegum og réttum vinnubrögðum í þeim tilgangi að finna sem nákvæmasta vigt á aflla. Að sjálfsögðu gildir það sama um nánari framkvæmd eftirlits, viðbrögð og mat á málsatvikum og beytingu viðurlaga. Alltaf geta komið upp nýjar aðstæður sem kalla á breytt vinnubrögð, sem meta þarf á málefnalegan hátt en ekki eftir þröngum bókstaf reglugerðar, eins og því miður eru dæmi um að gert hafi verið. Ætíð skal gæta jafnræðis milli aðila

2. Löggiltur vigtarmaður ætti að bera einn alla ábyrgð á starfi sínu. Viðurlög vegna hugsanlegra brota ættu því að beinast að honum einum en ekki vinnuveitandhans, nema fyrir liggja að hann hafi tekið þátt í broti. Gildir þetta hvort sem um er að ræða vinnslustöð eða útgerð.
3. Að mati SFÁÚ hefur verið gengið of hart fram við svifingu á vigtunarleyfi. Það er harkaleg aðgerð sem ekki ætti að beita nema um ítrekað eða alvarlegt brot sé að ræða. Að öðrum kosti æti aðili að sæta aðvörun (við fyrstu yfirsjón) áður en til missis á leyfi kemur.
4. Eðlilegt er að viðurlög við smærri brotum séu sektir í stað sviptinga á leyfum.
5. Sé skýrslum ekki skilað á réttum tíma þannig að Fiskistofa sendi viðkomandi aðvörun, ætti ætíð að tilgreinda þann fest sem viðkomandi fær til þess að gera skil. Skal sá frestur vera nægilega rúmmur. Eðlileg viðurlög við slíkri vanrækslu eru sektir en svifing vinsluleyfis er of harkaleg aðgerð nema um margítrekaða vanrækslu sé að ræða.
6. Nýti aðili rétt sinn til að mótmæla kæru, sem á hann er borinn, skal kæran ásamt mótmælum við henni tekin til umfjöllunar af sérstakri úrskurðarnefnd. Nefndin skal gæta fyllsta hlutleysis og kanna málavöxtu svo ítalega sem kostur er. Ber henni að úrskurða í málinu með því, annaðhvort að staðfesta kæru Fiskistofu eða fella málið niður. Úrskurðarnefnd ber ætíð að skila skriflegri greinargerð í hverju máli og senda báðum málaðilum niðurstöðu sína.

Reykjavík 20. mars 2006

F.h stjórnar SFÁÚ

